



Afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd áttunda árið í röð

Á síðasta ári var 31 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd. Þetta er aðeins meiri afgangur en við áttum von á. Erlend staða þjóðarbúsins batnaði um 390 ma.kr. á síðasta ári og var í lok árs 1.040 ma.kr., sem er rétt yfir þriðjungur af vergri landsframleiðslu.

Á síðasta ári var 31 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd þrátt fyrir að stærsta útflutningsatvinnugrein landsins, ferðaþjónusta, hafi orðið fyrir gríðarlegu höggi vegna Covid-19 faraldursins. Afgangur hefur verið á viðskiptajöfnuði nú samfleytt í átta ár eða allt frá árinu 2013.

Afgangurinn dróst þó verulega saman milli ára eða um 163 ma.kr. en árið 2019 var viðskiptajöfnuður jákvæður um 194 ma.kr. Viðskiptajöfnuðurinn í fyrra skiptist þannig að það var:

- 90 ma.kr. halli af vöruviðskiptum¹
- 73 ma.kr. afgangur af þjónustuviðskiptum
- 70 ma.kr. afgangur af frumbáttatekjum
- 22 ma.kr. halli af rekstrarframlögum


Þetta er meiri afgangur en við áttum von á, en í nýjustu þjóðhagsspá okkar frá október á síðasta ári spáðum við 3 ma.kr. afgangi. Hallinn af vöruskiptajöfnuði var nokkuð minni en við áttum von á, sem og afgangurinn af þjónustujöfnuði, en afgangurinn af þáttatekjum var meiri en við bjuggumst við.

Afgangur af þáttatekjujöfnuði

Eins og áður kom fram var 70 ma.kr. afgangur af þáttatekjujöfnuði, en til þáttatekna teljast fjármagnstekjur og gjöld, svo sem vaxtagreiðslur, arðgreiðslur og slíkt. Afgangurinn skiptist þannig:


- Tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila (bein fjárfesting) var 71 ma.kr.
- Hagnaður erlendra dótturfélaga í eigu innlendra aðila (bein fjárfesting) var 28 ma.kr.
- Vaxtagreiðslur af verðbréfum og annarri fjárfestingu til erlendra aðila voru 26 ma.kr.

Viðskiptajöfnuður



*) Október 2020 spá Hagfræðideildar
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild

Frumbáttatekjur



Heimild: Seðlabanki Íslands

¹ Sjá nánar um vöru- og þjónustujöfnuði á síðasta ári [hér](#).



Hafa ber í huga að flæði á gjaldeyri inn eða út úr landi þarf alls ekki að fylgja þáttatekjujöfnuði. Sérstaklega má nefna að tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila, sem kemur til hækkunar á frumþáttatekjum, er að mestu leyti bókfært tap eða útreikningar á því tapi.

Erlend staða þjóðarbúsins batnaði um 390 ma.kr. á síðasta ári

Samkvæmt mati Seðlabankans voru erlendar eignir þjóðarbúsins 4.440 ma.kr. í lok árs og erlendar skuldir 3.400 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 1.040 ma.kr. (35% af VLF) og hefur batnað um 390 ma.kr. (13% af VLF) frá árslokum 2019.

Hluti af bættri stöðu er vegna veikingar krónunnar


Hluti af bættri erlendri stöðu á síðasta ári kemur til vegna þess að krónan veiktist á árinu. Þar sem erlendar eignir eru meiri en erlendar skuldir og hluti af erlendum skuldum er í íslenskum krónum hækkar hrein staða í krónum talið þegar krónan veikist.

Míðað við skiptingu milli gjaldmiðla á erlendum eignum og skuldum í lok 2019 má ætla að erlend staða batni um 210 ma.kr. eingöngu út frá áorðinni breytingu á gengi krónunnar.

Hækkanir á erlendu mörkuðum hjálpa líka


Ef við skoðum sundurliðun á breytingu á erlendri stöðu þjóðarbúsins milli ára sést að það munar langmest um að erlend verðbréfaeign jókst um 459 ma.kr. í krónum talið milli loka árs 2019 og loka árs 2020, eða um 26%. Þetta þarf ekki að koma á óvart því að á síðasta ári voru almennt frekar miklar verðhækkanir á erlendum verðbréfamörkuðum. Meðal annars hækkaði norræna hlutabréfavísitalan (OMX N40) um 33% í fyrra í krónum talið, S&P 500 um 22% og Nasdaq 100 um 55%.

Erlend staða þjóðarbúsins




1F 2012 til 3F 2015 er án innlánastofnana í slitameðferð
Heimild: Seðlabanki Íslands

Breyting á erlendri stöðu



Breyting milli ársloka 2019 og ársloka 2020. Aukning á skuldum kemur til lækkunar
Heimild: Seðlabanki Íslands

Hlutabréfavísitölur



Breyting milli ársloka 2019 og ársloka 2020.
Heimild: Macrobond, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.